

Miðvikudaginn 29. júní 1949.

Nr. 14/1948. **Alþýðusamband Íslands f. h.
Sjómannafélagsins Jötuns
vegna skipverja á m/b Baldri**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.
Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja
vegna eigenda m/b Baldurs**
(Björgvin Sigurðsson hdl.)

Ágreiningur um skilning á kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 11. nóv. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum vegna skipverja á m/b Baldri V. E. 24 gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna eigenda m/b Baldurs V. E. 24. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði, að stefnda sé skylt samkvæmt 4. gr. samnings þess frá 2. júlí 1947, sem síðar verður nánar rakin, að miða reikningsskil við skipverja á m/b Baldri V. E. 24 vegna síldveiðanna sumarið 1948 við 4. lið skrár þeirrar yfir betri kjör, sem þeim samningi fylgir, þ. e. að hlutur skipverja verði 41.5%, er skiptist í 10 staði, eða til hvers skipverja 4.15% af allri veiði skipsins. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, er nú skal greina:

Hinn 1. júlí 1945 var gerður samningur milli Alþýðusambands Íslands f. h. ýmissa verklýðsfélaga, þ. á. m. Sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum, annars vegar og Landsambands ísl. útvegsmanna hins vegar um kaup og kjör á síldveiðum. Í 20. gr. samnings þessa segir svo:

„Þeir aðiljar þessa samnings, sem á síldveiðum árið 1944 höfðu í kjarasamningum sínum ákvæði, sem tryggði sjómönn-

um betri kjör en þessi gerir, skulu halda þeim ákvæðum óbreyttum samkvæmt viðfestri skrá.“

Í skrá þeirri, sem gerð var samkvæmt þessu samningsákvæði eru meðal annars eftirtalin ákvæði:

„A. Í Vestmannaeyjum

4. Á skipum, er stunda síldveiðar með hringnót (4. gr.), hækkar hlutur skipverja eftir að veiðin hefur náð kr. 135 þúsund úr 40% upp í 41.5% í 10 staði eða til hvers manns 4.15% af allri veiðinni.“

Samningur þessi gildi til vors 1947, en 2. júlí það ár er gerður nýr samningur milli sömu aðilja um kaup og kjör á síldveiðum og gildi hann sumarið 1947 og 1948. Í 4. gr. þess samnings segir svo:

„Á síldveiðum með hringnót greiðist til skipverja 40% af brúttóafla á bátum allt að 40 rúmlestir, er skiptist í 10 staði eða til hvers manns 4%. Séu skipin stærri en 40 rúmlestir skal 40% skipt í jafnmarga staði og menn eru á skipi, þó ekki fleiri staði en 11 á skipum upp að 70 rúmlestum og í 12 staði í skipum yfir 70 rúmlestir, þó aldrei í fleiri staði en menn eru á skipi.“

Þá er 20. gr. þessa samnings öldungis samhljóða framangreindri 20. gr. samningsins frá 1. júlí 1945 og framangreind sérákvæði 4. liðs betri-kjaraskrárinnar frá 1945 tekin upp óbreytt.

Eins og 20. gr. framangreindra samninga og „betri-kjaraskrárinnar“ benda til hafði einmitt sumarið 1944 verið í gildi í Vestmannaeyjum samningur um kaup og kjör á síldveiðum. Hann er dagsettur 9. júlí það ár og er 5. gr. hans svohljóðandi:

„Vélbátur, sem fiskar með hringnót, með 10 manna áhöfn, fá skipverjar 48% af brúttó afla skipsins, sem skiptist þannig:

Skipstj. 8,5%, stýrim. 5%, 1. vélstj. 6%, matsv. 4%, 2. vélstj. 4,5%, 5 hásetar 4% hver.

Þegar skipið hefur fiskað fyrir kr. 135 þús. kr. hækkar hlutur hvers skipverja um 0,15% af allri veiðinni. Verði skipverjar fleiri eða færri en að ofan greinir, hækkar og lækkar hlutur þeirra í samræmi við það. Skipstj., stýrim. og mat-sveinn óumsamið af samningsaðiljum.“

Sumarið 1948 stundaði vélbáturinn Baldur frá Vestmannaeyjum, sem er að stærð 55 rúmlestir, síldveiðar með hringnót. Nam afli skipsins að verðmæti kr. 146.394.00. Að loknum veiðum gerði útgerðarmaður bátsins upp við skipverja með þeim hætti, að hann skipti 41,5% af brúttoverðmæti aflans í 11 staði, þannig, að hver háseta fékk 3,773%. Byggði hann þessa skiptingu á því, að þar sem báturinn væri yfir 40 rúmlestir félli hann undir ákvæði 2. málslíðar 4. gr. samningsins frá 2. júlí 1947. En þar sem afli bátsins hefði að verðmæti numið meira en 135 þús. krónum ættu skipverjar að fá 41,5 af honum til skipta samkvæmt 4. lið betrikjara skrárinnar frá 2. júlí 1947.

Stefnandi vill ekki fallast á þessi reikningsskil. Telur hann, að gera eigi upp við hásetana á þann hátt, að hver þeirra fái 4,15% af brúttóverðmæti aflans. Byggir hann kröfu sína á því, að vegna ákvæða 20. gr. samningsins frá 2. júlí 1947 skipti ekki máli, hver stærð bátsins sé, þar sem hann falli ekki undir ákvæði 4. gr. sama samnings, heldur eigi við um hann sérákvæði 4. liðs betrikjara skrárinnar, er grundvallast hafi átt á 5. gr. Vestmannaeyjasamningsins frá 9. júlí 1944, sem einmitt fjalli um hringnótaveiðar. En í síðast nefndu samningsákvæði sé svo kveðið á, að verði skipverjar fleiri en 10 skuli heildarhlutur þeirra hækka í samræmi við fjölgunina, svo að hásetar fái ávallt 4.15% af brúttóafli, ef verðmæti hans nemur meira en 135 þúsundum króna.

Stefndi hefur mótmælt því, að samningurinn frá 1944 geti komið til álita um stærð skipsins. Þegar hann hafi verið gerður hafi engir bátar frá Vestmannaeyjum stærri en 40 rúmlestir stundað veiðar með hringnót, og sé samningurinn því aðeins miðaður við smærri báta. Þá telur hann, að skilja beri niðurlagsákvæði 5. gr. þess samnings svo, að þó skipverjar verði fleiri en 10 skuli heildarhlutur skipshafnar verða óbreyttur jafnt fyrir það, en fjölgunin aðeins hafa áhrif á skiptingu milli skipverja innbyrðis.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, var svo um samið í 20. gr. heildarsamningsins 1945 og 1947, að haldast skyldu þau kjör sjómanna, sem betri voru en þau, sem þá var samið um og verið höfðu í kjarasamningum um síldveiðar sumarið

1944. Sýnist samkvæmt þessu ákvæði og skýrslum þeim, er fram hafa komið í málinu, ekki leika vafi á því, að sjómenn í Vestmannaeyjum hafi átt að halda öllum þeim kjörum samkvæmt samningi þeirra frá 1944, sem voru þeim hagstæðari heldur en ákvæði heildarsamningsins. Ljóst er, að 5. gr. Vestmannaeyjasamningsins frá 1944 fól í sér betri kjör heldur en 4. gr. nefndra samninga frá 1945 og 1947, þar sem þeir skyldu fá 41,5% af afla, ef hann fór að verðmæti yfir 135.000.00 þúsund krónur, í stað 40% eftir 4. gr. heildarsamninganna, og er þetta réttilega tekið upp í 4. lið betri kjaraskrárinnar 1945, en þar er og tekið fram, að hlutur háseta skuli vera 4,15% af brúttóafla. Þessi ákvæði eru svo óbreytt tekin upp í 4. lið skrárinnar frá 1947. Ekki er hægt að fallast á þá skoðun stefnda, að 5. gr. samningsins frá 1944 geti aðeins hafa átt við um smærri báta en 40 rúmlestir, eða báta, sem ekki hafa nema 10 manna áhöfn, því í henni er beinlínis gert ráð fyrir því, að fleiri skipverjar en 10 geti verið á bát, sem stundar hringnótaveiðar. Verður orðalag hennar ekki skilið á annan veg en þann, að ef skipverjar verði fleiri en 10 skuli heildarhlutur þeirra hækka þannig, að hver háseti haldi þó sama hundraðshluta. Þetta samningsákvæði felur þannig einnig í sér ákvæði um hagstæðari kjör sjómönnum í Vestmannaeyjum til handa heldur en 4. gr. oftnefndra samninga frá 1945 og 1947. Þegar þetta er virt og hliðsjón höfð af ákvæði 4. liðs betri kjaraskrárinnar um 4.15% sjómönnum til handa, sem ekki var breytt neitt við samningsgerðina 1947, verður með skýrskotun til 20. gr. síðastnefnds samnings að telja, að stefnda hafi við reikningsskil til háseta á m/b Baldri eftir síldveiðarnar sumarið 1948 borið að greiða hverjum þeirra 4.15% af brúttó verðmæti aflans. Ber samkvæmt þessu að taka þá dómkröfu stefnanda til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Stefnda, eiganda m/b Baldurs V.E. 24, er skylt að greiða þeim hásetum, er voru á síldveiðum á nefndum bát

sumarið 1948, 4.15% af verðmæti brúttóafla bátsins þá sildarvertíð.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna eiganda m/b Baldurs V.E. 24, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélagsins Jötuns vegna skipverja á m/b Baldri V.E. 24, kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. júní 1949.

Nr. 9/1949.

Alþýðusamband Íslands f. h.

Vélstjórafélags Ísafjarðar

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

H/f Nirði (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Setudómari Ragnar Jónsson

í stað Gunnlaugs E. Briem.

Deilt um skilning á kjarasamningi, lágmarkstryggingu og hlutaskipti.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 28. apríl s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Ísafjarðar gegn H. f. Nirði á Ísafirði. Eru dómkröfur stefnanda þær:

1. Að dæmt verði að a-, b- og c liður III. gr. í kjarasamningi aðilja frá 28. des. 1946 séu rétt skildir og framkvæmdir svo, að þegar ekki aflast fyrir lágmarkshlutatryggingu, sbr. VII. gr. sama samnings, skuli vélstjórar fá, auk hásetakauptryggingar, svo háan hundraðshluta af raunverulegum afla skips, að nemi því, sem hlutur vélstjórans skal vera hærri en hásetahluturinn er á sama skipi samkvæmt gildandi kjarasamningi.

2. Að dæmt verði, að lágmarkshlutartrygging samkvæmt VII. gr. nefnds samnings sé á mánuði hverjum kr. 578.00, og